

Öllum verkföllum aflýst



Laugardaginn 10. júní voru ófær Íslendingar sem vöknúðu upp við þær góðu fréttir að BSRB og Samband íslenskra sveitarfélaga hefðu undirritað samning og öllum verkföllum þar með aflýst. Síðustu vikur hafa einkennst af miklu róti á lífi leikskólanna víða um landið og þessar ungu stúlkur í leikskólanum Hulduheimum á Selfossi voru á einu máli um að það væri gott að geta eytt óslitnum degi í leikskólanum, auk þess að komast loksins aftur í sund eftir langa bið, en auk leikskólanna teygðu verkföllin anga sína til sundlauga, áhaldahúsa, bæjarskrifstofa og hafna.

Ljósmynd: Dagskráin/HGL

Lilly&Julia's Bistro opnar á Selfossi



Bartosz, fyrir miðju, ásamt Moniku og Viktori. Ljósmynd: Dagskráin/HGL

Lilly&Julia's Bistro, nýr veitingastaður á Selfossi, opnaði að Austurvegi 35 síðastliðinn föstudag. Hinn pólski Bartosz Wójcik, sjálfærður kokkur með tæplega fimmtán ára reynslu úr veitinga-geiranum, er maðurinn á bakvið Lilly&Julia's Bistro og Gæða Matur veislubjónustu, en veitingastaðurinn er nefndur í höfuðið á tveimur dætrum hans.

Dagskráin leit við á Lilly&Julia's Bistro í tilefni opunarinnar og fékk að vita meira. Nánar á bls. 2.

Sr. Kristján endurkjörinn



hádegis mánudaginn 12. júní og lágu niðurstöður fyrir sama dag.

Kristján Björnsson var endurkjörinn með 425 atkvæði eða 54,98% atkvæða.

Sr. Arna Grétarsdóttir, sóknarprestur í Reynivallaprestakalli fékk 267 atkvæði eða 34,54% og sr. Dagur Fannar Magnússon sóknarprestur í Skálholtsprestakalli fékk 73 atkvæði eða 9,44% atkvæða.

Á kjörskrá voru 1444 og greiddu 773 atkvæði eða 53,53%. Átta tóku ekki afstöðu.

Kjör til vigslubiskups í Skálholtsumdæmi fór fram dagana 7.-12. júní. Rafrænni kosningu lauk á



Ljósmynd: Ölfus Cluster.

Tæpur milljarður í LIFE styrk til sunnlenskra verkefna

Verkefnið Terraforming LIFE hefur hlotið styrk upp á tæpan milljarð íslenskra króna frá Umhverfis- og loftslagsáætlun Evrópusambandsins, LIFE og er það fyrsti verkefnisstyrkur LIFE til íslensks verkefnis sem er

undirritaður og samþykktur af ESB. Um er að ræða samstarfsverkefni Landeldis hf., Bændasamtakanna, Orkídeu, Ölfus Cluster og SMJ frá Færeyjum með stuðningi frá Blue Ocean Technology í Noregi.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fosnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Sendibílar á Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir

Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

LISTASAFN ÁRNESINGA

Sumarnámskeið á Listasafni Árneseinga 2023



Sköpun í náttúrunni - velliðan og gleði

Listasmiðja fyrir 8-11 ára

19. - 23. júní / kl: 10-13

Leidd teikning / Guided Drawing

Listasmiðja / ætlað fullorðnum

1. og 2. júlí / kl: 13-17

Safneignin lifnar við

Listasmiðja fyrir 9 - 13 ára

24. - 28. júlí / kl: 10 - 13

Leirlista- og skúlpúr smiðja

Ætlað fullorðnum

5. og 6. ágúst / kl: 13-16

Graffiti með Össa

Listasmiðja fyrir 11-16 ára

8. - 11. ágúst / kl: 13 - 16

Nánari upplýsingar á www.listasafnarnesinga.is

Skráning: fraedsla@listasafnarnesinga.is



Lilly&Julia's bistro opnar á Selfossi

Lilly&Julia's Bistro, nýr veitingastaður á Selfossi, opnaði að Austurvegi 35 síðastliðinn föstudag. Hinn pólski Bartosz Wójcik, sjálfærður kokkur með tæplega fimmtán ára reynslu úr veitingageiranum, er maðurinn á bakvið Lilly&Julia's Bistro og Gæða Matur veislupjónustu, en veitingastaðurinn er nefndur í höfuðið á tveimur dætrum hans.

„Mig hefur alltaf dreymt um að opna veitingastað, ég elska að gleðja fólk með mat. Réttir sem við munum bjóða uppá eru innblásnir af matseld móður minnar. Við verðum með einfalt konsept; ferskan mat, eldaðan frá grunni. Litinn, árstíðaskiptan matseðil, hágæða hráefni, notalegt andrúmsloft í fallega innréttaðu rými og ánægð starfsfólk,“ segir Bartosz.

Aðspurður um hvað muni aðgreina veitingastaðinn frá öðrum veitingastöðum segir Bartosz ólíkt mörgum öðrum veitingastöðum á Íslandi verði allt á Lilly&Julia's Bistro gert frá grunni. „Við munum ekki bjóða upp á foreldað kjöt, til-



Bartosz ásamt Moniku og Viktori, starfsfólk Lilly&Julia's Bistro. Ljósmyndir: Dagskráin/HGL

búnar sósar eða soð úr fötu. Allt verður gert á staðnum. Og það er það sem sker okkur frá fjöldanum. Svo vinnum við að sjálf-sögðu með besta bakari suðursins, GK bakari, svo að við getum boðið upp á besta brauðið á landshlutanum.“

„Einn af okkar einkennisréttum verður kolagrillaður silungur með mango salsa og sætri kartöflu. Fallegur, léttur og

ferskur sumarréttur sem bragðast dásamlega. Við stefnum að því að skapa vingarnlegt, afslappað andrúmsloft og leggjum upp með að öllum finnst þau velkomin til okkar. Við ætlum líka að standa fyrir viðburðum eins og vinsmökkun, pop-up og fleira skemmtilegu. Við viljum að gestunum okkar líði vel og njóti tímans sem þeir eyða hjá okkur,“ segir Bartosz að lokum.



Minningarorð um Árna Johnsen

Árni Johnsen, fyrrverandi Alþingismaður og blaðamaður, andaðist á Sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum þriðjudaginn 6. júní síðastliðinn eftir langvarandi veikindi. Hann var 79 ára að aldri.

Árni Johnsen var fæddur í Vestmannaeyjum 1. mars 1944. Foreldrar hans voru Ingibjörg Á. Johnsen kaupkona og Poul Kanélas frá Bandaríkjunum, en fósturfaðir hans var Bjarnhéðinn Eliasson, skipstjóri og útgerðarmaður í Eyjum.

Árni lauk prófi frá Kennarskóla Íslands 1966 og átti eftir það stuttan kennsluferil í Vestmannaeyjum og Reykjavík en var jafnframt starfsmaður í Surtsey við gæslu og rannsóknir nokkur sumur. Hann var blaðamaður við Morgunblaðið á árunum 1967–1991 og fékkst einnig á þeim tíma við dagskrárgerð í útvarpi og sjónvarpi. Árni varð snemma þjóðþekktur sem tónlistarmaður og af störfum sínum við fjölmiðla og lét víða að sér kveða, ekki síst í málefnum Vestmannaeyja eftir að eldsumbrot hófust þar



1973 og í þeim eftirmálum sem af þeim leiddi.

Þingferill Árna Johnsens hófst árið 1983 er hann náði kjöri af framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandskjördæmi og lauk 2013, með tveimur hléum þó, kjörtímabili í hvort sinn. Naut Árni vinsælda í kjördæmi sínu og var efstur á lista Sjálfstæðisflokksins þar í kosningunum 1999. Á þremur þingum sat hann sem varamaður og samtals á 27 löggjafarþingum alls. Hann átti lengst sæti í fjárlaganefnd,

samgöngunefnd og menntamálanefnd. Þá var hann í Vestnorræna þingmannaráðinu og formaður þess um tíma.

Árni sat í ýmsum opinberum nefndum og átti hlut að fjölda verkefna á snærum opinberra aðila og félagasamtaka enda átaksmáður við slíkar aðstæður. Hann vann einnig af mikilli elju fyrir kjördæmi sitt, ekki síst heimabæinn, og kom þar mörgu verki vel fram.

Árni Johnsen átti sterkar rætur í Vestmannaeyjum og unni þeim stað og því samfélagi. Hann var íþróttamaður á yngri árum og félagslyndur alla tíð. Hann náði greiðlega til almennings, fyrst með blaðagreinum og þáttum í ljósvakamiðlum og síðar í bókum og bókarköflum sem eftir hann liggja. Hann samdi tónlist, söng og lék eigin lög og annarra og kom fram við ýmis tækifæri. Árni Johnsen fór sjaldnast troðnar slóðir á ævigöngu sinni. Hann var umdeildur en um leið vinmargur og um dugnað hans, einurð og atorku efuðust fáir.



FYRIR YKKUR SEM ERUÐ AÐ PLANA, PÆLA OG ENDURHUGSA

AFGREIÐSLUTÍMI BYKO Í SUMAR

VIRKA DAGA

8-18

LAUGARDAGA

9-15

SUNNUDAGA

LOKAÐ

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Byggingarréttur auglýstur í Árborg – heimamenn útilokaðir frá þátttöku

Árborg auglýsir nú til sölu byggingarrétt fyrir íbúðarhúsnæði á 3.000 m² lóð við hliðina á Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi, Tryggvagötu 36. Mjög dýrmætri lóð í huga margra Selfyssinga sem hafa séð hana fyrir sér sem framtíðarlóð fyrir heimavist FSU. Í auglýsingu sveitarfélagsins kemur fram að leitað sé að kaupanda/fasteignaþróunaraðila sem muni taka að sér að leiða breytingu á deiliskipulagi, hanna, fjármagna og byggja upp íbúðir á lóðinni. Einnig vekur SvF. Árborg sérstaka athygli á því að gerðar séu ríkar kröfur til viðsemjenda hvað varðar reynslu, hæfi og getu til að vinna verkefni eins og þetta. Í sérstökum úthlutunar- og tilboðsskilmálum sem fylgja útboðinu kemur fram að lágmarkskrafa sé að tilboðsgjafi hafi starfað 5 ár samfleytt við þróun og uppbyggingu íbúða.

Heimamenn útilokaðir

Sú krafa að tilboðsgjafi hafi að lágmarki 5 ára reynslu samfleytt af því að þróa slíka reiti og byggja íbúðir, útilokar tvo heimaaðila sem hafa unnið að uppbyggingu í SvF. Árborg sl. ár. Í fyrsta lagi útilokar SvF. Árborg, Sigtún Þróunarfélag sem fær skv. skilmálunum ekki að taka þátt þar sem að þeir hófu ekki vinnu við þróun og uppbyggingu miðbæjarins á Selfossi fyrrenn eftir íbúðakosningu sem fór fram í ágúst 2018. Íbú-

akosningu sem knúin var fram af íbúum sveitarfélagsins. Íbúar knúðu þá, þáverandi meirihluta bæjarstjórnar (D-lista) til þess að hlusta á kröfur íbúa og heimila almenningi að segja sína skoðun á lýðræðislegan hátt. Kosningin fór 60/40 verkefninu í vil og nú síðast 90/10 þegar betrubæting á skipulaginu var sett í rafræna íbúakosningu. Og enn styttra er síðan að Jörvík hóf sína þróun og uppbyggingu í Nýju-Jörvík.

Einu heimamennirnir sem hægt er að slá því föstu að hafi af því reynslu að hafa þróað og byggt upp slíka reiti samfleytt í yfir 5 ár eru þeir aðilar sem hafa byggt upp reitina við Austurveg 69 á Selfossi og íbúðabygðina í Disastaðarlandi.

Hvað veldur því að heimamenn fái ekki þátttökurétt?

Í skilmálum útboðsins er skýrt tekið fram að skipulag T36 reitsins skuli vinna í nánú samstarfi við skipulagsyfirvöld Árborgar. Í ljósi þess hve náði samstarfið á að vera á milli aðila að þá kemur verulega á óvart að skilmálar þessir sem samþykktir voru á fundi bæjarráðs Árborgar þann 1. júní sl. skuli hafa hlotið blessun formanns bæjarráðs og skipulagsnefndar SvF. Árborgar, sem er einn og sami maðurinn. Sami maður og fékk persónulegan fjárstuðning frá ónefndum aðila tengdum Sigtúni Þróunarfélagi í upphafi

Tómas Ellert
Tómasson

Fyrirv. bæjarfulltrúi
Miðflokksins í
SvF. Árborg



sins stjórn málaferils. Og sami maður og hefur í öllum sínum blaða- og vefgreinum minnst á uppbygginguna í miðbænum í fyrstu málsgrein en sleppt því að minnst á hvað aðrir einkaaðilar eru að gera í Sveitarfélaginu.

Hvað veldur þessum sinnaskiptum formanns bæjarráðs og skipulagsnefndar til velgjörðarmanna sinna tengdum Sigtúni Þróunarfélagi?

Getur verið að formaður bæjarráðs sé ekki sáttur við þau eignaskipti sem hafa orðið á Sigtúni Þróunarfélagi undanfarið og að skráður eigandi þess félags sé nú Austurbær ehf sem hefur ekki skilað ársreikningi til ársreikningaskrár fyrir rekstrarárin 2021 og 2022, en SvF. Árborg gerði ríkar kröfur um það í upphafi við eignaskipti miðbæjarins og áður en að framkvæmdir hófust í miðbænum að allt væri uppá borðum, eignarhald og fjárstyrkur Sigtúns.

Er framangreint ástæða sinnaskipta formanns bæjarráðs- og skipulagsnefndar í SvF. Árborg og merki um að hann sé nú genginn í lið með hagsmunum SvF. Árborgar?



Sunnlenski matgæðingurinn



Árni Magnússon er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.



Ég þakka Hólmaranum mínum fyrir áskorunina. Eins og allir vita hef ég haldið úti matarbloggi á instagram síðunni minni og leitt fylgendur mína í alskonar ferðalög í þessu svokallaða „story“. Finnst tilvalið að koma með einn rétt þaðan.

Kjúklinganaggar á hrísgrjónabeði

Ég reyni alltaf að gera alla mína matseld frá grunni og kaupi því alltaf kjúklinganagga í Krónunni, þeir eru einu naggarnir sem ég hef fundið sem eru frá grunni. Hrísgjón eru yfirleitt bara frá grunni skilst mér en ég nota alltaf hrísgrjón frá Tilda. Svo ber ég þetta fram með leynisósu í restina.

1 pakki kjúklinganaggar
2 pokar Tilda hrísgrjón

Svona naggar eru yfirleitt forsoðnir skilst mér og ég hef aldrei fundið Oliviuoliu sem er frá grunni þannig að set þá alltaf bara beint á pönnuna og steiki í ca 40 mínútur, á Tilda

hrísgrjónunum stendur að sjóða eigi einn poka í 12 mínútur. Þar sem við erum með 2 poka sjóðum við í 2x12 mínútur eða 24 mínútur. Eftir eldun er gott að setja réttinn á disk. Raðið hrísgrjónum langsum á diskinn og leggið naggana fallega ofan á beðið.

Þá er það leynisósan. Gunnars Pítusósa. Gunnars Pítusósan er þeim eiginleikum gædd að hún er 42% repjuolia sem er eina olían sem er frá grunni skilst mér.

Sullið slatta af sósunni yfir naggana, ég persónulega set alltaf vel til hliðar líka en ég elska sósar þannig að það er líklega smekksatriði.

Ég skora á stór vin minn, uppgjafasmiðinn og veitingamanninn Davíð Örn Bragason. Það vita það ekki margir en Davíð er 1/12 spánverji og heldur úti snapchat reikning, @tapasdabs2, mæli með að fylgja honum.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Sumarlestur 30 ára

Skrímsli, furðufiskar og Stjörnu-Sævar!

Sumarlesturinn á Bókasafni Árborgar á Selfossi hófst miðvikudaginn 7. júní og verður alla miðvikudaga mánaðarins kl. 13.00. Hugmyndin að Sumarlestri kviknaði hjá Sigríði Matthíasdóttur sem þá var barnabókavörður á Bæjar- og héraðsbókasafninu á Selfossi og sá fyrsti var haldinn sumarið 1993. Sumarlesturinn, sem er fyrir löngu orðinn þekktur um allt land, á því stórafmæli ár sem verður fagnað með ýmsu móti.

Hver sumarlestur hefur sitt þema og í tilefni af afmælinu verður Hafíð þemað í ár, líkt og fyrir 30 árum. Góðir gestir og vinir mun leggja sumarlestinum lið og má þar nefna félaga í Leikfélagi Selfoss, Marínó Fannar Garðarsson sjómann og síðast en ekki síst Sævar Helgi Bragason sem mun tengja saman hafið og himintugin.

Sumarlestur er ókeypis lestrarhvetjandi nám-



skeið fyrir krakka í 3. – 5. bekk. Börnin koma á bókasafnið einu sinni í viku í 4 vikur þar sem þau fá skemmtilega fræðslu og taka þátt í lestrarhvetjandi uppákomum enda markmiðið að við halda lestrarhæfi og kynna ævintýraheim bóka fyrir börnunum.

DAGSKRÁIN

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, [dfs.is](https://www.dfs.is).
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.
Bláaumaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Kvenmannsnafnið hálfir er hún, þar hendi belyti en sjaldan spún. Þetta gerði þingmaður, (sögn) þar var Snorri baðaður.

Svar við gátu í blaði 2704: VÍN

1. Át vinarbrauð í Vínarborg - 2. Brennivín
3. (S)vín



Hespuhúsið gefur út Fuglaspilið

Í Hespuhúsinu í Árbæjarhverfinu lítur Guðrún Bjarnadóttir, náttúrufræðingur, ullarband með jurtum eins og gert hefur verið í margar aldir. Samhliða jurtalituninni hefur Guðrún gefið út ýmis fræðsluspil sem ætluð eru til að vekja áhuga almenningss á náttúrunni í kringum okkur, aðallega gróðrinum en Guðrún kenndi í mörg ár grasafræði við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

Flóruspilið þar sem spilaður er veiðimaður með íslenskum jurtum hefur verið vinsælt undanfarin ár ásamt Blómaspílinu fyrir byrjendur en það er samstæðuspil, einfaldari útgáfa, þar sem plöntutegundir eru paraðar saman. Í Flóruspílinu fylgir skemmtilegur fróðleikur um grasnytjar og þjóðtrú sem teng-

ist blómunum. Í ár ákvað Guðrún að breyta til og gefa út spil með íslenskum fuglum, Fuglaspilið. Spilaður er veiðimaður með fuglategundum og hægt er að lesa sér til fróðleiks um nytjar og þjóðtrú tegundanna.

Litla Fuglaspilið er samstæðuspil í ætt við Blómaspilið og eru nöfn tegundanna á hverju spili á Íslensku, ensku, pólsku og latínu. Fuglaspilið er einnig til á ensku.

Ljósmyndirnar af fuglunum eru teknar af

Jóhanni Óla Hilmarsyni, fuglaljósmyndara, og fræðilegar upplýsingar um fuglana eru fengnar úr bók Jóhanns, Fuglavísi. Spilin eru fánleg í verslunum víða um land og á vinnustofunni í Hespuhúsinu þar sem hægt er að kíkja í litunarpottana og fræðast um gamla handverkið. Nánar um spilið á www.hespa.is.



Guðni Ágústsson
ræðir Njálssögu
á Þingvöllum

Fimmtudaginn 22. júní nk. klukkan átta um kvöldið mun Guðni Ágústsson í Þingvallagöngu ræða Njálssögu. Lilja Dögg Alfreðsdóttir Viðskipta og menningarmálaráðherra flytur ávarp, Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona flytur Gunnarshólma og Karlaþórinn Öðlingarnir úr Rangárþingi syngja, þar á meðal Skarphéðinn í brennunni.

Samkoman hefst við Upplýsingamiðstöðina á Hakinu klukkan 20.00 gengið niður Almannagjá á Lögberg hið helga og sagan og söngurinn heldur áfram. Að lokum verður gengið að Þingvallakirkju þar sem þessari tveggja tíma athöfn lýkur klukkan 22.00.

Allir eru velkomnir og minntir á að vera vel klæddir.

Fimleikadeild
Selfoss og Hótel
Geysir gera með
sér samstarfs-
samning

Hótel Geysir og Fimleikadeild Selfoss hafa gert með sér samstarfssamning. Fimleikadeildin er afar lánsöm að fá svo frábæran bakhjarl til liðs við sig til að efla og gera gott starf betra. Iðkendur deildarinnar frá Geysi, Reykholti og Einholti voru viðstödd undirskriftina.

„Við erum einstaklega spennt og þakklát fyrir að hefja samstarf við Hótel Geysi, iðkendur úr sveitinni keyra til okkar á æfingar oft í viku og fyrir það erum við afar glöð. Það er ómetanlegt að hafa góða bakhjarla við deildina nær og fær. Að koma á Hótel Geysi er alltaf mikil upplifun“ segir Sigrún Ýr framkvæmdastjóri fimleikadeildar Selfoss.



Elin Svafa Thoroddsen undirritaði samninginn á Hótel Geysi ásamt Sigrúnu Ýr Magnúsdóttur, framkvæmdastjóra og Gunnari Bjarka Rúnarssyni formanni fimleikadeildar Selfoss. Ljósmynd: Fimleikadeild Selfoss.



Efri röð Emilia, Kristín og Unnur. Neðri röð Hildur, Aðalbjörg og Antonía.



Guðni í skarlatsskikkju fornanna. Ljósmynd: RAX

Allt um kring - Heiðrún Elva
í Galleríinu undir stiganum

Heiðrún Elva Björnsdóttir, 23 ára Þorlákshafnarmær stendur fyrir sýningunni Allt um kring í Galleríinu undir stiganum við Bæjarbókasafn Ölfuss í Þorlákshöfn.

Heiðrún Elva stundar nú nám í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands og hefur sitt þriðja og síðasta ár í haust. Í náminu hefur Heiðrún komið að allskonar verkefnum og

sýningum, sú nýlegasta var sýningin „Afhjúpun: Keldur í nýju ljósi“, gagnvirk sýning um Keldur á Rangárvöllum sem var samsýning bekkjarins.

Allt um kring er fyrsta einkasýning Heiðrúnar Elvu, eftirprentanir af öllum verkum eru til sölu og sýningin, sem hófst þann 6. júní, stendur út júnímánuð.



Mynd: Bæjarbókasafn Ölfuss.

Þjóðhátíðardagskrá
Hveragerðis 2023

Bæjarbúar draga fána að húni

- 10:00 – 18:00

Ratleikur fyrir fjölskylduna
Skemmtilegur ratleikur með nútímalegu sniði fyrir fjölskylduna. Mætið með símana. Lagt af stað frá skátaheimilinu Breiðumörk 22. Popp og candyfloss í Lystigarðinum í frá kl. 15:00–17:00.
Umsjón: Skátafélagið Strókur
- 13:30

Skrúðganga um bæinn til hátíðarsvæðis á Fossflöt
Lagt af stað frá horninu á Heiðmörk og Laufskógum úr vesturbænum og frá horninu á Grænumörk og Heiðmörk úr austurbænum.
Umsjón: Skátafélagið Strókur
- 14:00

Hátíðardagskrá í Lystigarðinum Fossflöt
 - Séra Sigríður Munda Jónsdóttir flytur hugvekju.
 - Ávarp forseta bæjarstjórnar.
 - Menningarverðlaun Hveragerðisbæjar.
 - Hátíðarræða útskriftarnema.
 - Tónlistaratriði.
 - Fjallkonan les upp ljóð.
- 15:00 – 17:00

Félagar frá Ljúfi bjóða börnum á hestbak við Félagsheimilið þeirra í Reykjadal
Umsjón: Hestamannafélagið Ljúfur
- 15:00 – 18:00

Fjölskyldu- og skemmtidagskrá í Lystigarðinum:
 - Tónlistarkonan Gígja Marín.
 - Atriði úr Ávaxtakörfunni.
 - Íbúar í Álfheimum bregða á leik.
 - Diljá Eurovision stjarna.
 - Wolley trúður leikur listir sínar.
 - Benedikt Búalfur bregður á leik.
 - Hljómsveitin SLYSH.
 - BMX bræður sýna hljálalistar á brettasvæði skólans.
- 12:00 – 17:00

Velkomin í Listasafn Árnesinga á Þjóðhátíðardaginn.
Við verðum með málverk eftir Ásgrím Jónsson af fæðingarstað hans Suðurkoti í tímabundnu láni frá Snorra Tómassyni og mun hann einnig segja frá ýmsu sem tengist Ásgrími. Svo verða einkabréf Ásgríms Jónssonar til sýnis og að lokum verður langspilssmiðja með Eyjólf Eyjólfssyni. Ókeypis aðgangur og verið velkomin.



STARFSKRAFTUR ÓSKAST

Starfskraftur óskast í matvælaframleiðslu í starfsstöð okkar á Hellu. Tímavinna. Vinnutími eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar og umsóknir sendist á vikingkitchenehf@gmail.com eða í síma 775 4132.

Hátíðarhöld í Reykholti, Biskupstungum



Eins og hefð er orðin fyrir verður þjóðhátíðardagurinn haldinn hátíðlegur í Reykholti.

Dagurinn hefst á messu í Torfastaðarkirkju kl 13.

Skrúðganga leggur af stað frá Bjarnabúð stundvíslega kl 14 og endar við Aratungu.

Hátíðarhöldin halda áfram með kaffiveitingum, fjallkonu og ræðuhöldum í Aratungu. Fyrir utan verða hoppukastalar, kassabílarallý og margt annað skemmtilegt fyrir yngstu kynslóðina og um kvöldið verður svo sundlaugarpartý í íþróttamiðstöðinni, Reykholti.

Við hvetjum alla sveitunga til að taka þátt í gleðinni.

- Þjóðhátíðarnefnd



Lausar stöður í Bláskógaskóla Laugarvatni

Bláskógaskóli Laugarvatni er samþættur leik- og grunnskóli ásamt frístundarstarfi. Nemendur á leikskóladeild eru um 25 og um 60 í grunnskóla. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og er útinám stór þáttur í stefnu skólans.

Kennarastöður lausar til umsóknar:

- Umsjónarkennari á unglingastigi
- Leikskólakennarar á leikskóladeild 100%
- Smíðakennsla, hlutastarf

Aðrar stöður lausar til umsóknar:

- Aðstoðarmatráður 50%
- Skólaliði 50%
- Starfsmaður í eldhús leikskóla 100%

Önnur starfshlutföll geta komið til greina

Umsókn með fylgigögnum skal send á netfangið irisanna@blaskogaskoli.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsókn fylgi kynningarbréf, yfirlit yfir nám og fyrri störf og leyfisbréf fyrir starfsheitið kennari, þar sem við á. Störfin henta einstaklingum óháð kyni.

Nánari upplýsingar veitir Íris Anna Steinarrsdóttir, skólustjóri, í síma 695 7110.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf sem kennari/leikskólakennari.
- Góð samskiptahæfni, vilji til þátttöku í samstarfi og teymiskennslu.
- Áhugi á útinámi og að þróa sig í starfi.
- Jákvæðni og sveigjanleiki.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð samskiptahæfni og vilji til þátttöku í samstarfi.
- Jákvæðni og sveigjanleiki.

Umsóknarfrestur er til 20. júní 2023



Eflum uppsveitir – saman

Heilsugæslan í Laugarási hefur að undanfögnu fengið mikla umræðu og ekki er allt rétt sem þar hefur verið rætt. Í ljósi þess tel ég rétt að skýra nokkur atriði svo íbúar uppsveitanna sem og aðrir geti betur áttað sig á málinu.

Hrunamannahreppur keypti stórt húsnæði við Hrunamannaveg 3, í miðbæ Flúða, í upphafi árs þar sem fyrirhugað var að koma fyrir skrifstofurýmum og mögulega annari þjónustu. Þegar kaupin voru orðin að veruleika höfðu forsvarsmenn Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) samband og spurðu um húsnæðið og áform okkar um framtíð þess. Við brugðumst að sjálf-sögðu við þeirra óskum, sýndum þeim húsnæðið og áttum samtalið við forsvarsmenn HSU um málið. Þetta húsnæði er nýlega byggt, enn óinnréttað og hentar fjölbreyttri starfsemi vel, sama hvort þar væri á ferðinni heilsugæsla eða önnur starfsemi.

Heilsugæsla uppsveitanna er í dag í Laugarási samkvæmt ákvörðun frá fyrri hluta síðustu aldar. Því miður er Laugarás eini þéttbýliskjarni uppsveitanna sem ekki hefur þróast í takt við aðra þéttbýliskjarna hér á svæðinu á undanförunum áratugum. Ástæðan er að minni viti einföld, eignarhald jarðarinnar gerir það að verkum að Laugarás verður undir í áherslum þeirra fjögurra sveitarfélaga sem eiga jörðina Laugarás.

Lyfjaversluninni sem var í Laugarási, en slík verslun er forsenda fyrir starfsemi heilsugæslu almennt, lokaði í vetur sem leið og afar litlar líkur eru á því að ný lyfjaafgreiðsla opni í

Jón Bjarnason

Oddviti Hrunamannahrepps



Laugarási enda er slík starfsemi undantekningalaust starfrækt í stærri byggðakjörnum. Því er líklegt að lyfjaverslun opni um leið og heilsugæslan myndi opna á Flúðum.

Við sem búum í uppsveitum Árnessýslu eigum að sjá tækifærin sem myndu felast í nýrri heilsugæslu á Flúðum, heilsugæslu sem myndi dafna í þéttbýliskjarna sem er óumdeilt fjölmennasta kjarnasamfélagið á svæðinu. Auk þess er staðsetning Flúða mjög miðsvæðis þegar horft er til íbúafjölda en ekki síður ef litið er til framtíðar með tilkomu Hvammsvirkjunar og þeirrar nýju vegtengingar sem þá verður til við uppsveitir Rangaárvallasýslu.

Við hér í Hrunamannahreppi horfum til framtíðar og sjáum þau miklu tækifæri sem munu myndast bæði hér og víða í nágrenninu vegna þeirrar miklu uppbyggingar sem á sér nú stað t.d. í Þjórsárdal en einnig víða annars staðar hér í uppsveitunum. Þau tækifæri eru mikil enda erum við á sama atvinnusvæði og við styrkjum hvort annað.

Horfum til framtíðar með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi. Tökum ákvarðanir með næstu kynslóð í huga en ekki út frá aðstæðum og samfélagi eins og var í kringum aldamótin 1900.



Hluti af sigurlíði Selfoss, ásamt Magnúsi Tryggvasoni þjálfara. Mynd: Laufey Sif Lárusdóttir.

Selfyssingar unnu hérðsmótið í sundi

Héraðsmót HSK í sundi var haldið í Hveragerði 25. maí sl. og mættu keppendur frá þremur aðildarfélögum HSK til leiks.

Keppt var í 12 greinum á mótinu og unnu Selfyssingar sjö HSK meistaratíla og keppendur frá Hamri unnu fimm titla.

Stigahæsti keppandi mótsins í karlaflokki var Arnór Karls-

son frá Selfossi með 21 stig og í kvennaflokki urðu jafnar með 21 stig þær Hafrún Kemp Helgadóttir Hamri og Karítas Líf Róbertsdóttir Selfossi.

Stigahæsta félag mótsins var Umf. Selfoss með 74 stig, Íþr.f. Hamar fékk 21 stig og Íþr.f. Suðri 16 stig.


Heildarúrslit mótsins má sjá á www.hsk.is.

Orkusýningin í Ljósafoosstöð

Kraftmikill og skemmtileg sýning við Úlfljótsvatn, í um 50 mínútna akstursfjarlægð frá Reykjavík. Aðgangur er ókeypis.

Sýningin er opin alla daga í sumar frá kl. 10-17
[Landsvirkjun.is/orkusyning](https://landsvirkjun.is/orkusyning)

 Landsvirkjun





Menntskælingar á Azor-eyjum

Menntaskólinn að Laugarvatni hefur síðastliðin þrjú ár tekið þátt í Erasmus+ verkefni sem ber heitið ShoW (Shapes of Water) með skólum frá Portúgal og Terceira, Tékklandi og Finnlandi.

Síðasta ferðin í þessu verkefni var farin 1.-5. maí sl. Tveir kennarar og fjórir nemendur frá hverju landi komu þá saman á Terceira, sem er ein af Azor-eyjum og tilheyrir Portúgal. Þrátt

fyrir að Azor-eyjar séu okkar næstu nágrannar í suðri er frekar erfitt að komast þangað en algjörlega þess virði.

Nemendur eignuðust marga vini og fengu að upplifa óspillta náttúru Terceira sem á margt sameiginlegt með Íslandi. Hita-stigið var þó töluvert herra en hér heima. Unnin voru ýmis verkefni bæði á meðan á ferðinni stóð og eftir hana. Fengum að fara í gegnum jarðvarma-

orkuver og jarðhitasvæði. Farið var inn í eldfjallagíg og gengum við margar fallegar leiðir.

Hópurinn fór í hvalaskoðun og sáu við búrhvali og höfrunga. Synt var í sjónum en við þurftum að hafa varann á því að rekast ekki á portúgölsk herskip (holdýr sem heita á latínu Physalia physalis).

Alls staðar var boðið upp á góðan mat, en þar er mikið um nautakjöt, osta og alls kyns

sjávarfang. Svo fræddumst við um sögu eyjunnar, um mikilvægi hennar í verslun og stríði til forna, um hernám Bandaríkjamanna og um gríðarlegan jarðskjálfta sem skók eyjuna árið 1980. Í skjálftanum hrundu margar byggingar í bænum Angra do Heroísmo en ákveðið var að endurbyggja húsinn og bæjarímyndina og er hún nú undir vernd UNESCO. Í bænum búa um 35.000 manns en á eyj-

unni allri 53.000 manns.

Við erum öll gríðarlega þakklát fyrir að fá að fara til Terceira. Þarna eru ekki margir ferðamenn og stemningin er afslöppuð og góð. Nú er Terceira í hjörtum okkar og langar okkur öll að koma þangað aftur.

Heiða Gehringer og María Carmen Magnúsdóttir



Hús Ásgríms Jónssonar / Home of an Artist

Ásgrímur Jónsson lést árið 1958 og ánaðaði íslensku þjóðinni öll eftirlátin listaverk sín ásamt húseign að Bergstaðastræti 74 í Reykjavík sem nú er opin almenningi. Í húsinu gefst nánd við liðinn tíma og við listamann sem var einn frumherja íslenskrar málalistar. Heimsókn í hús Ásgríms Jónssonar skapar einlaga mynd af hvernig listamaður helgar sig listsköpuninni.

On his death in 1958 Ásgrímur Jónsson bequeathed all his works that remained in his possession to the Icelandic nation, along with his home/studio at Bergstaðastræti 74 in Reykjavík. Now part of the National Gallery of Iceland, the building is open to the public as Home of an Artist, showcasing the life and work of Ásgrímur Jónsson, one of the pioneers of Icelandic painting.

www.listasafn.is



Styrktaraðilar verkefnisins:

Uppbyggingarsjóður Suðurlands og Safnaráð



Listasafn Árnesinga / LÁ Art Museum

Listasafnið er staðsett í Hveragerði og býður upp á fjölbreyttar og metnaðarfullar sýningar sem veita gott aðgengi að myndlistararfi þeim sem það varðveitir. Í stofngjöf til safnsins eru fjölmörg verk eftir Ásgrím Jónsson.

LÁ Art Museum is situated in Hveragerði, south Iceland. It is an art museum that preserves a small collection of modern and contemporary art. The foundation gift to the museum includes a collection of works of art by Ásgrímur Jónsson.

www.listasafnarnesinga.is



Byggðasafn Árnesinga

Byggðasafn Árnesinga er á Eyrarbakka og er með sýningarhald í þyrpingu bygginga þar sem kjarninn er Húsið. Ásgrímur Jónsson var vikapiltur hjá kaupmannsfjölskyldunni í Húsinu frá fermingaráldri. Húsið er eitt af elstu húsum landsins byggt árið 1765.

The Árnessýsla Heritage Museum in Eyrarbakki holds its exhibition in Húsið (The Merchant's house) and a cluster of buildings around it. The Merchant's House at Eyrarbakki, Húsið is one of Iceland's oldest house built in 1765.

www.byggdasafn.is

Ásgrímsleiðin



Ásgrímsleiðin er samstarfsverkefni þriggja safna og snýst um að minna fólk á einn fremsta listamann þjóðarinnar sem fæddist í Árnessýslu.

Ásgrímur's Way is a collaboration between three museums, which are uniting to commemorate artist Ásgrímur Jónsson, who was born in the county of Árnessýsla.

Ásgrímur Jónsson (1876-1958) er einn brautryðjenda íslenskrar myndlistar og varð fyrstur íslenskra málara til að gera myndlistina að aðalstarfi. Ásgrímur fæddist 4. mars 1876 í Suðurlandi í Rútstaðahverfi í Flóa.

Íslensk náttúra var frá upphafi aðalviðfangsefni Ásgríms og með starfi sínu lagði hann grunninn að íslenski landslagslist.

Ásgrímur Jónsson (1876-1958) was one of the pioneers of Icelandic visual art and the first Icelandic painter to make art his main profession. He was born on March 4, 1876 on the farm of Suðurland in Rútstaðahverfi, in Flói region of south Iceland. From the outset Icelandic nature was Ásgrímur's principal subject, and his work formed the foundation of Icelandic landscape art.

Íþrótt- og afreksstarf lagt niður í Hveragerði



Íþrótt- og frístundastefna Hveragerðisbæjar hefur síðustu ár verið höfð að leiðarljósi við gerð áætlaða á sviði íþrótt- og frístundamála bæjarfélagsins og er ekki síst ætluð til bættar lýðheilsu bæjarbúa til framtíðar.

Meginmarkmið Hveragerðisbæjar í íþrótt- og frístundastarfi var að skapa tækifæri fyrir íbúa til bættar lífsgæða með fjölbreyttum möguleikum til hreyfingar, útiveru, iðkunar íþróttar og annarrar afþreyingar og frístundaiðju.

Leiðarljós stefnunnar er að umgjörð til frístundastarfs í bæjarfélaginu sé til fyrirmyndar og um leið hvetjandi fyrir fólk á öllum aldri til þátttöku í íþróttum, hreyfingu, útivist og frístundastarf sem í boði er. Lagt hefur verið upp með góða samvinnu á milli bæjarfélagsins, íþrótt- og frístundafélaga og annarra aðila til að bæta lýðheilsu íbúanna. Einnig að tryggja börnum og ungmennum öruggt umhverfi þar sem unnið er markvisst gegn áhættuhegðun svo sem einelti, ofbeldi, klámvæðingu og notkun vímuefna. Hveragerðisbær hefur unnið að því að skapa

umhverfi sem hvetur íbúa til að stunda íþróttir og þá hreyfingu sem þeir kjósa, hvort sem það er til heilsubótar, ánægju eða á afreksstigi. Stefnan var samþykkt í bæjarstjórn 8. febrúar 2018.

Hvar erum við stödd í dag? Þegar þessi grein er skrifuð liggur ekki fyrir hver á að setja upp stundatöflu fyrir næsta vetur vegna æfinga á eina inniíþróttasvæði okkar Hvergerðinga. Eins og málin standa þá erum við með aðstöðu til inniæfinga í íþróttahúsinu við Skólamörk. Í því húsnæði fara fram skólaíþróttir fyrir 450 nemendur yfir daginn. Þá eigum við eftir að koma fyrir öllu íþróttastarfi Hamars s.s. badmintoni, blaki, fimleikum, knattspyrnu og körfubolta, íþróttaskóla, hreyfingu eldri borgara og svo ég minnst nú ekki á að við erum með afreksíþróttamenn í fleiri en einni grein og þar af leiðandi þarf að úthluta húsinu í keppni. Umburðalyndi sem bæjarbúar sýndu síðasta vetur ber að þakka en ég hef fullan skilning á því að það sé ekki hægt að ganga að því sem vísu að bæjarbúar sýni þessu skilning annan veturinn í röð. Lausn á þessum vanda er til staðar, það eina sem vantar er þor til að velja þá lausn.

Nú er mér gróflega misboðið Á bæjarstjórnarfundi nú í júní lögðu bæjarfulltrúar O- og B-lista fram stefnu Hveragerðisbæjar 2023-2028. Skjalið er vel

upp sett og fer fögrum orðum um náttúruna og samfélagið. Í því er ekkert nýtt, við vissum til að mynda að Hveragerði hefur verið til áratuga blómstrandi bær, staðsetning og umhverfið hefur jákvæð áhrif á okkur og þau fyrirtæki sem hér eru hafa styrkt samfélagið okkar og uppbyggingu.

Það er þó einn stór galli á þessu annars fína skjali og það er að við mótun þess var ekkert samráð haft við fulltrúa úr íþróttastarfinu. Okkur á D-listanum þykir þessi nálgun ekki bara furðuleg heldur beinlínis ámælisverð. Það að ætla að markaðssetja bæjarfélagið sem heilsuefandi samfélag án þess að fá þá aðila sem bera hitann og þungann af því starfi að borðinu, ber merki um ófagleg vinnubrögð svo ekki verði sterkara að orði komist.

Bæði í íþrótt- og frístundastefnu og á heimasíðu Hveragerðisbæjar er fjallað um góða samvinnu bæjarfélagsins, íþrótt- og frístundafélaga og annarra aðila sem bæta lýðheilsu íbúa. Það er einmitt þannig sem þetta á að virka, en til þess þarf samtalið og við höfum fengið þær upplýsingar að sú samvinna sé ekki fyrir hendi.

Það er alveg ljóst að við á D-listanum leggum ekki sömu merkingu í orðin skilvirk, gagnsæ, ábyrg og aðgengileg stjórnsýsla. Hún er greinilega eitthvað öðruvísi á vinstri vængnum!

Raunfærnimati beitt í námi fanga

Kennsla í fangelsunum gengur vel og alltaf mikill áhugi í verklegum greinum. Á Litla-Hrauni hefur verið kennd trésmíði í tvö ár og alltaf fullskipað í greinina. Aðstæður eru prýðilegar þar sem kennslan fer fram á trésmíðaverkstæðinu undir stjórn Jóns Inga Jónssonar verkstjóra. Jón Sigursteinn Gunnarsson trésmíðakennari í FSu kemur einu sinni í viku og kennir nemendum.

Á Litla-Hrauni eru einstaklingar á öllum aldri og jafnvel með margra ára reynslu í starfsgrein en ekki formlega menntun. Undir handleiðslu Klöru Guðbrandsdóttur náms- og starfsráðgjafa FSu í fangelsum geta einstaklingar farið í raunfærnimat uppfylli þeir skilyrði. Með raunfærnimati er metin sú þekking og færni sem einstaklingur hefur öðlast á vinnumarkaði sem mögulega getur stýtt nám og verið jákvæð hvatning til að ljúka námi. Skilyrði fyrir þátttöku í raunfærnimati eru 23 ára aldur og þriggja ára staðfest starfsreynsla í grein. Því getur raunfærnimat verið vænlegur kostur fyrir fanga með starfsreynslu sem langar að ljúka námi.



Mynd: Fjölbautaskóli Suðurlands.

Klara Guðbrandsdóttir nefnir í þessu sambandi dæmi af nemandanum sem hún er afar stolt af og lauk nýlega raunfærnimati í trésmíði hjá Iðunni fræðslusetri. „Við undirbúning fækk nemandinn góða handleiðslu hjá Jóni verkstjóra en mikil og góð samvinna er á milli skólans og starfsfólks fangelsisins. Nemandinn fækk

metnar 80 af 124 einingum faggreina húsasmíðinnar og öllum nema tveimur verkþáttum af 90 eininga verknámi. Ekki er hægt að segja annað en að þetta sé afburðarangur og nú á nemandinn lítið eftir til að geta farið í sveinspróf í húsasmíði og getur vonandi klárað það að mestu hjá okkur í FSu.” FSu/kg/jöz

GG TRÉ

Til sölu eða leigu 68,5 m² bil til afhendingar strax í Breiðarmýri 3

S: 893 4609
haukur@ggtre.is
www.ggtre.is

ARBORGIR FASTEIGNASALA

HÚS Fasteignasala

FARIÐ YFIR ÞINGVETURINN

Í SAL ELDRI BORGARA Í REYKHOLTI (BAKVIÐ ARATUNGU)

FIMMTUDAGINN 15. JÚNÍ NK. KLUKKAN 20.00

SIGURÐUR INGI, HAFDÍS HRÖNN & JÓHANN FRÍÐRIK

Auglýsing á skipulagstillögum í sveitarfélaginu Ölfus

ÖLFUS

Eftirtaldir skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar af bæjarstjórn á fundi hennar þann 25. maí 2023:

Deiliskipulagstillaga fyrir byggð vestan Þorlákshafnar, norðan Selvogsbrautar

Deiliskipulögð er íbúðabyggð á tveim reitum sem heita ÍB10 og ÍB11 í aðalskipulagi Ölfuss 2020-2036. Skilgreindir eru byggingarreitir og settir skilmálar fyrir uppbyggingu íbúðabyggðar sem samanstendur af einbýlis- par-, raðhúsum og fjölbýlishúsum.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 15. júní til 27. júlí 2023. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is eða með bréfpósti á Skipulagsfulltrúi, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn fyrir lok vinnudags þann 27. júlí 2023.

Skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagsgerðar vegna efnistökusvæðis við Litla-Sandfell

Gert er ráð fyrir að stækka námavinnslusvæðið í Litla-Sandfelli úr 24,2 í um 40 hektara. Í lýsingunni kemur fram hvaða áherslur verða við deiliskipulagsgerðina og fram koma upplýsingar um forsendur og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum

Lýsingin verður til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 15. til 29. júní 2023. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is eða með bréfpósti á Skipulagsfulltrúi, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn fyrir lok vinnudags þann 29. júní 2023.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

opið mán 11 til 15
miðv.11 til 15
föstud.11 til 14.

s.4821022 gsm 7880300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholti 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi

Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIRKJUR

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 17. júní.
Allt samkomuhald fellur niður
þennan hvíldardag. Gleðilega
þjóðhátíð.

Hvítasunnukirkjan

Sumarmót Hvítasunnukirkjunnar
á Íslandi 16.-18. júní 2023.
Sunnudagssamkoma verður í
Nytjamarcaðinum í Gagnheiði
32. Sjá dagskrá helgarinnar á
Facebook-síðu Hvítasunnukirkju-
unnar á Selfossi.

Selfosskirkja

Messa sunnudaginn 18. júní kl.
11:00. Kirkjukórinn leiðir safnar-
söng. Morgunbænir þriðju-, mið-
viku- og fimmtudaga kl. 9:15.

ÞJÓNUSTA

HSH
Þrif og flutningarTökum að okkur regluleg þrif fyrir
sumarhús, hótél, gistiheimili og
fyrirtæki. Almennar ræstingar, auka
þrif og ýmis önnur þjónusta.Erum staðsett á Suðurlandi.
Gerum tilboð
sem hentar þínum þörfum.Hægt er að nálgast frekari
upplýsingar í síma 792-1727
eða í tölvupóst á
hshflutningar@gmail.comHSH þrif og flutningar ehf.
er fyrirtæki með persónulega þjónustu
sem er með 10 ára reynslu í þrifum
og flutningum.

HEILSA

Með Dáleiðslu má vinna að
úrbótum ýmiskonar
vandamála, líkamlegra sem
andlegra. Það má líka fara
aftur í tímann og sjá löngu
liðna atburði, hætta
reykingum og margt annað.- Ég er líka með
augnlestur en með honum
má sjá ástand viðkomandi,
líkamlegt og andlegt. Þessu
fylgja ráð um hvernig breita
má hlutum til betri vegar.- Er einnig með Nudd og
svæðanudd -Heiðar Ragnarsson
Heilsulindinni í Miðgarði
s. 8981501

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLANDBókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.Sumarhúsaþjónusta
Almenn verktaka
Efnisflutningar
JarðvinnaHafið samband í síma 892 7598
eða á orngunn@gmail.comFinnið okkur
á Facebook

Ö.G. Verk

Smiður óskar
eftir verkefnumSmiður getur tekið að sér viðhald
í heimahúsum og sumarhúsum á
höfuðborgarsvæðinu, Selfossi
eða Hveragerði. Dagvinna,
kvöldvinna og/öð helgarvinna.
Parket, flísar, samsetning á eld-
húsinnettingum, gips, málun
o.fl. Nánari uppl. í síma 777
2265.Áskorun kjördæmisráðs
Sjálfstæðisflokksins í
SuðurkjördæmiStjórn kjördæmisráðs Sjálf-
stæðisflokksins í Suðurkjör-
dæmi sendi frá sér eftirfarandi
áskorun á stjórnarfundum sl. mið-
vikudag:Kjördæmisráð Sjálfstæðis-
flokksins í Suðurkjördæmi skor-
ar á formann flokksins, Bjarna
Benediktsson, að efna gefin
loford um að gera Guðrúnu Haf-
steinsdóttur að ráðherra.Samkvæmt ítrustu túlkunum
á hinum svokölluðum „12-
18 mánuðum“, þá er tíminn
runninn upp, og rúmlega það.
Suðurkjördæmi var eina lands-
byggðarkjördæmið þar sem
Sjálfstæðisflokkurinn hlaut 1.
mann kjörinn.Sjálfstæðismenn í Suðurkjör-
dæmi gengu af síðasta lands-
fundi fullvissir um að Guðrún
Hafsteinsdóttir yrði ráðherra
snemma á vormánuðum 2023.Guðrún Hafsteinsdóttir, þingmaður
Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjör-
dæmi.Núna er kominn tími á að leggja
orð í efndir. Það er algjör lág-
markskrafa um að hún taki sæti
í ríkisstjórn við lok þingveturs.Stjórn kjördæmisráðs Sjálf-
stæðisflokksins í Suðurkjördæmi

Jakub Oskar Tomczyk að keppa í – 81 kg flokki.



Júdókrakkar í Svíþjóð

Dagana 18.- 21. maí fóru
sextán krakkar frá Selfossi
á aldrinum tíu til nitján ára í æf-
inga og keppnisferð til Lundar í
Svíþjóð. Þessi viðburður heitir
Budo Nord þar sem um fimm-
hundruð iðkenndur frá fjöl-
mörgum löndum koma saman.
Júdódeildin hefur reynt að taka
þátt annað hvert ár en vegna Co-
vid var þetta í fyrsta skipti sem
við tókum þátt frá árinu 2018.
Krakkarnir höfðu safnað fyrir
ferðinni með fjárflokkum yfir
veturinn og sumir mun lengur.Keppt var dagana 18. og 19.
maí og síðan í kjölfarið voru
æfingabúðir dagana 20. og 21.
júní þar sem var æft tvisvar á
dag í tvo og hálfan til þrjá tíma.Þar voru mjög virtir þjálfarar að
kenna ungum sem öldnum. Milli
æfinga og eftir þær gafst tími til
að fara í sund og njóta borgar-
innar. Við vorum mjög heppinn
með veður því sólin skein og
hitinn var um og yfir tuttugu
gráður þannig að það var gott að
klára æfingar og fara út í góða
veðrið.Eftir æfingabúðirnar fór
hópurinn yfir til Kaupmanna-
hafnar með lest og eyddi síðustu
klukkutímum ferðarinnar í Tív-
olí.Hópurinn vill þakka öllum
þeim einstaklingum sem studdi
þau í fjárflokkum einnig Stracta
hótél, SG Einingahús, TRS og
Set fyrir að styrkja krakkana.Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
Eyravegi 25, Selfossi



Ásgrímsleiðin, menningarleg ökuferð

Ásgrímsleiðin er ökuferð um Flóann á söguslóðir Ásgríms Jónssonar listmálara með viðkomu á sýningum Listasafns Árnesinga og Byggðasafns Árnesinga og byrjað eða endað er í Listasafni Íslands – í húsi Ásgríms.

Ásgrímur var fæddur 4. mars 1876 í Suðarkoti í Rútsstaðahverfi í Flóa. Hann gerði málalistina að ævistarfi og varð brautryðjandi í listasögu þjóðarinnar. Umhverfi bernskuheimilisins hafði sterk áhrif á hann og listsköpun hans og ferðin fetar þá slóð.

Í Húsinu á Eyrbakka er sýningin Drengurinn, fjöllin og Húsið. Þar er varpað ljósi æsku hans og unglingsár. Upp úr fermingu réðist Ásgrímur til vistar í Húsinu á Eyrbakka og var þar ekki í kot vísað.

Farið er um Stokkseyri að Gaulverjabæjarkirkjugarði þar sem Ásgrímur hvílir. Hægt er að heimsækja minnismerki um listamanninn sem stendur innan

skógræktarinnar Timburhóls stutt frá æskustöðvum hans. Þótt húsin í Rútsstaðarhverfi séu löngu horfin má enn sjá frá veginum Álfakirkju Ásgríms. Á þessari leið sést vel fjallahringurinn sem föstraði sveininn og veitti honum innblástur.

Svo er sýningin Hornsteinn afmælisýning Listasafns Árnesinga í Hveragerði heimsótt en þar eru fjölmörg verk Ásgríms sýnd.

Ásgrímsleiðin er samstarfsverkefni Byggðasafns Árnesinga, Listasafns Árnesinga og Listasafns Íslands.

Rætur Listasafns Árnesinga má rekja til gjafar Bjarnveigar Bjarnadóttur, frænku Ásgríms, og tveggja sona hennar sem færðu Árnesingum sjöttíu listaverk eftir helstu listamenn þess tíma. Nítján þessara verka voru eftir Ásgrím.

Listamaðurinn sjálfur ánaftaði Listasafni Íslands verk sín og heimili á Bergstaðastræti 74 og þar er í dag sýning á heimili



hans og verkum. Upplagt er að heimsækja Hús Ásgríms áður en Ásgrímsleiðin er farinn eða í kjölfar þess.

Með Ásgrímsleiðinni vilja söfnin vekja athygli á ævi og störfum Ásgríms Jónssonar en einnig fagna afmæli safnanna. Byggðasafnið á 70 ára afmæli á árinu og Listasafn Árnesinga fagnar 60 ára afmæli. Ásgrímsleiðin er afmælisþrileikur okkar Árnesinga.

Ásgrímsleiðin er styrkt af Safnaráði og Uppbyggingarsjóði Suðurlands.

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í RANGÁRÞINGI EYSTRA



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Snotruholt – Deiliskipulag

Tillagan tekur til 3,3 ha. svæði úr landi Snotru, L163897. Gert verður ráð fyrir allt að fimm gestahúsum til útleigu fyrir ferðamenn. Hvert hús er allt að 70 m² að stærð með 6,0 m. mænishæð.

Miðeyjarhólmur – Deiliskipulag

Tillagan tekur til jarðarinnar Miðeyjarhólmur, L163884. Fyrirhugað er að stofna lögbylí á jörðinni og stunda landbúnað. Gert er ráð fyrir tveimur íbúðarhúsum, hvort um sig allt að 600 m² að stærð, þremur frístundarhúsum, hvert um sig 250 m² og landbúnaðarbyggingum sem eru 5.800 m² að stærð.

Ofangreinda deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 14. júní 2023. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemd til 26. júlí 2023. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra,
Þóra Björg Ragnarsdóttir, aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa



FERÐIR FEBSEL 2023

27. júní - Ferð um Flóann

Leiðsögumaður Hannes Stefánsson frá Arabæ í Gaulverjabæjarhreppi. Hádegismatur snæddur í Vatnsholti í Villingaholtshreppi.

18. júlí - Ferð um Ölfusið

Leiðsögumaður Sigurveig Helgadóttir frá Núpum í Ölfusi. Hádegismatur snæddur í Frosti og funa í Hveragerði. Móttaka í Kjörís kl. 14.

22. ágúst - Útilega?

Einu sinni á ágústkvöldi.
Staðsetning: Kiðjaberg, Faxi eða Skjól?

13. september - Guðmundarlundur í Kópavogi

Kaffihlaðborð í Hótel Krínesi við Elliðavatn. Akstur í boði Guðm. Tyrfingssonar. Móttaka þar kl. 14.



Ferðanefnd FEBSEL býður upp á hringferð um Flóann 27. júní 2023

Lagt af stað frá Grænumörk kl. 10.

Leiðsögumaður Hannes Stefánsson frá Arabæ.

Ekinn verður hringur um Flóann með viðkomu á merkum stöðum og sagðar sögur af mönnum og málefnum. Hádegisverður snæddur í Hótel Vatnsholti.

Verð pr. mann er kr. 7.000.

Aðeins ein rúta verður í ferðinni og þar af leiðandi takmarkast fjöldi farþega við það.

Nefndin vill minna á að hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð.

Bókanir í ferðina eru hjá nefndinni og þátttökulisti liggur frammi í Grænumörk 5.

Hlökkum til fararinnar.

Helgi s. 860 7032
Ingibjörg s. 864 2972
Vigdís s. 893 6564



Áform um græna atvinnuuppbyggingu í Sveitarfélaginu Ölfusi



Grétar Ingi Erlendsson, formaður bæjarráðs, Guðlaugur Þór Þórðarson ráðherra og Elliði Vignisson bæjarstjóri við undirritun samningsins.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Þekkingarsetrið Ölfus Cluster hafa nú skrifað undir samning um þróun grænnar atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu Ölfusi.

Markmið samningsins er er að undirbúa græna atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu Ölfusi í anda nýsköpunar, loftslagsmála og orkuskipta. M.a. verður unnið að því að koma á fót Grænum iðngarði í Ölfusi á um 250 hektara athafna- og iðnaðarsvæði fyrir utan Þorlákshöfn.

Fyrir liggur að Sveitarfélagið Ölfus og Ölfus Cluster hafa unnið einbeitt að styrkingu atvinnulífsins á svæðinu með áherslu á framleiðslu á umhverfisvænum matvælum svo sem landeldi á laxi. Sam-

hliða hefur verið horft til uppbyggingar á annarri umhverfisvænni starfsemi svo sem grænum gagnaverum, framleiðslu á umhverfisvænum íblöndunar-efnum til notkunar í byggingariðnaði, áburðarframleiðslu og margt fl. Lætur nærri að fyrirhuguð sé atvinnuuppbygging fyrir tvö til þrjú hundruð milljarða á næstu 5 til 7 árum. Vilji er til þess að uppbygging falli sem best að.

„Aðkoma umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins að þessu verkefni er ómetanleg og verður vart metið til fjár. Með þessu tryggjum við ákveðna samfellu á milli þeirra áherslna sem við hér heima í héraði höfum á umhverfis- og loftslagsmál, í uppbyggingu verðmætisóknar og áherslna ríkisstjórnar. Þekkt

er að sókn á forsendum loftslagsmála gerist ekki án aukinnar sóknar í græna orku og þar ætlum við okkur stóra hluti. Við ætlum okkur að gera Ölfusið að Kísildal framleiðslu á umhverfisvænum matvælum og tengdri starfsemi. Frá því markmiði verður ekki hvikað og þessi aðkoma ráðuneytisins er ein af vörðunum á þeirri leið,“ segir Elliði Vignisson bæjarstjóri.

„Umhverfis- og loftslagsmál eru ekki einangrað verkefni ráðuneytisins. Til að ná þeim metnaðarfullu markmiðum sem við sem þjóð höfum sett okkur þarf víðtækt samstarf þar sem allir róa í sömu átt. Við viljum greiða fyrir grænni atvinnuuppbyggingu, fjárfestingum og verkefnum sem stuðla að því að yfirlýstum markmiðum stjórnvalda verði náð. Sveitarfélagið Ölfus og Ölfus Cluster hafa á seinustu árum sýnt ríkt frumkvæði í því sem snýr að framleiðslu á umhverfisvænum matvælum sem og annarri og sókn á forsendum ábyrgar auðlindanýtingar. Þessum samningi sem við höfum nú undirritað er ætlað að styðja við áframhaldandi verðmætisköpun á forsendum umhverfis- og loftslagsmála. Þannig verður velferð best varin til lengri og skemmri tíma,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Það styttist í Allt í Blóma í Hveragerði

Fjölara fjölskyldu- og tónlistarhátíðin Allt í Blóma verður haldin dagana 30. júní - 2. júlí í Lystigarðinum í Hveragerði og víðar innan bæjar markanna.

Dagskráin hefst á föstudeginum með einstökum fjölskyldutónleikum með Brieti kl. 17. Um kvöldið verða stórtónleikar með hinum eina sanna Stefáni Hilmarssyni ásamt stór-

hljómsveit í tjaldinu, talið í kl. 21 og trúbadorastemning eftir tónleika.

Á laugardeginum verður frábær dagskrá í Lystigarðinum. Á milli kl. 12-17 verður risa markaður í tjaldinu, hoppukastalar og loftbolti.is og á sviðinu verða Sirkus Íslands og Halla og Solla úr Latabæ ásamt því að Bmx bros kíkja á svæðið.

Kl. 15 hefst Suðurlandsdjazz með Unni Birnu og fleirum.

Kl. 17 verður gleði í Greenhouse og kl. 19 opnar á ný í garðinn, um kl. 20 koma fram Friðrik Dór, Gdrn og fleiri ásamt hljómsveit áður en dansleikur hefst í tjaldinu fram á rauða nótt.

Þjartmar Guðlaugs lýkur svo dagskránni á sunnudeginum með tónleikum í Reykjadalsskála.



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþjónustur - Almennar raflagnir

prentmet
heilðarlausnir í prentun

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsöpun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

BRACAF VINÁTTUL
BYKO Selfossi
Fæst hjá

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is